

Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 28. febrúar 2022 á Zoom kl. 19.30

Mættir Baldur Haraldsson BS, Tryggvi M Þórðarson KK og Aðalsteinn Símonarson BÍKR, Sigurður Arnar Pálsson AIFS.

1. Nýr fulltrúi

Sigurður Arnar Pálsson hefur verið skipaður í ráðið af AIFS í stað Garðars Gunnarssonar. Um leið og Garðari er þakkað fyrir samstarfið bjóða aðrir meðlimir ráðsins Sigurð velkominn í hópinn.

2. Leyfileg ökutæki fyrir yngri en 17 ára

Reglan er opin í dag sem er ekki skynsamlegt.

Samþykkt að takmarka við flokk C, óbreytt ökutæki án túrbínu, og flokka fyrir eindrif 1.000 sm³ og 1.400 sm³ vélar.

3. Kynning á reglubreytingum

AS birti yfirlit í hópnum Rallyiðkendum á Facebook 24. janúar.

Ákveðið að fara yfir með keppnishöldurum samhliða ársþingi AKÍS og heyra hjá þeim með tímasetningu á fundi með keppendum.

4. Flokkareglur

Eftir er að útbúa og gefa út reglur fyrir eindrif 1.000 sm³ og 1.400 sm³ sem bætt var í greinareglurnar í haust.

BH tekur að sér að skoða reglur í rallykross og koma með tillögur á fundi ráðsins í vikunni fyrir ársþing. Hann fær menn með sér eftir þörf og hentugleikum.

5. Verkefni keppnisráðsins

Umræða vítt og breytt um íþróttina og framtíð hennar, ásamt ýmsum verkefnum sem framundan eru.

Ákveðið að ræða áfram á fundi með keppnishöldurum.

6. Önnur mál

- Samþykkt að senda ítrekun á stjórn AKÍS að fá svör frá ráðuneyti um heimild fyrir 15 ára að keyra á sérleiðum.
- Rætt um rafíþróttir og möguleika þeirra til að auka þátttökuna í rally.

Næsti fundur mánudaginn 14. mars kl. 19.30 á Zoom.

Fundi slitið kl. 20.45

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson